HAFNARFJÖRÐUR

Minnsibað vegna Sveinssafns, mars 2017.

Hafnarfjarðarbær afsalaði sér húsinu sem nýtt er undir Sveinssafn í maí 2000. Í afsalinu frá 2000 kemur fram að ef húsið verður ekki nýtt undir safn, þá mun húseignin falla aftur til afsalsgjafa, það er Hafnarfjarðarbæjar..

Því er það akkur fyrir Hafnarfjarðarbæ að eigninni sé vel viðhaldið og að eignin sé í góðu standi.

Hafnarfjarðarbær fékk Strending verkfræðiþjónustu til að gera úttekt á húsinu í október 1999 og var eignin þá ekki í góðu standi og gerði þeirra áætlun ráð fyrir kostnaði uppá tæpar 10 milljónir króna á verðlagi þess árs til að koma eigninni í gott stand.

Hafa rekstraraðilar Sveinssafns gett sitt besta til að halda eigninni við, en ljóst er að það er að verða þeim ofviða, jafnframt hefur rekstrarkostnaður aukist og þá aðallega vegna húshitunnar hússins.

Er það mitt mat að Hafnarfjarðarbær eigi að leggja sitt að mörkum til að viðhalda húsinu og leggja til með eigninni styrk vegna húshitunar og viðhalds hússins á komandi árum, það er á meðan að þarna verður safn.

Virðingarfyllst,

Hafnarfjarðarbær
Umhverfis- og skipulagsþjónusta
Sviðsstjóri

**Sigurður Haraldsson**

**SVIÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG SKIPULAGSÞJÓNUSTU**

Hafnarfjarðarbær | Umhverfis- og skipulagsþjónusta | Norðurhellu 2 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | Kennitala 590169-7579 | www.hafnarfjordur.is